

VETRAR HÁTÍÐ

1.–4. FEBRÚAR '18

Vetrarhátíð 2018

Hátíðin var haldin dagana 1. – 4. febrúar af Reykjavíkurborg og er vistuð á menningar- og ferðamálasviði borgarinnar. Tilgangur Vetrarhátíðar er að lífga upp á borgarlífið á dimmustu vetrarmánuðunum með því að tengja saman ólíka menningarlega þætti sem allir tengjast þema hátíðarinnar, ljósi og myrkri. Hátíðin var haldin í 17. sinn og fór fram í öllum sex sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Dagskráin samanstóð af viðburðum tengdum



menningu og listum, íþróttum og útivist. Aðsókn á hátíðina var mjög góð, en gestir og þátttakendur voru taldir 49.380. Fjöldi viðburða á hátíðinni var tæplega 150 talsins. Frítt var inn á alla viðburði hátíðarinnar utan Norðurljósahlaupsins til að tryggja aðgengi almennings óháð fjárhagslegri stöðu.

Dagskrá

Dagskrá samanstóð af fjórum meginstoðum, ljósaviðburðum, Safnanótt, Sundlauganótt og íþróttaviðburðum utandyra. Á fyrsta degi hátíðarinnar var kveikt á opunarverkinu Örævi og ljósainnsetningum í grænum og fjólubláum lit víða um höfuðborgarsvæðið. Safnanótt var haldin föstudagskvöldið 2. febrúar og Sundlauganótt og Norðurljósahlaup laugardaginn 3. febrúar. Hátíðinni lauk á sunnudeginum 4. febrúar.

Stjórn hátíðarinnar

Guðmundur Birgir Halldórsson, viðburðarstjóri hjá MOF, formaður. Sigrún Sirra Sigurðardóttir – Fulltrúi Listasafns Reykjavíkur. Ágústa Rós Árnadóttir – Fulltrúi Borgarsögusafns Reykjavíkur, Guðrún Dís Jónatansdóttir – Fulltrúi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Gerður Sveinsdóttir – Fulltrúi ÍTR, Ólöf Breiðfjörð – Fulltrúi Kópavogs, Andri Ómarsson – Fulltrúi Hafnarfjarðar

Starsmenn Vetrahátíðar

Starfsmenn hátíðarinnar voru Guðmundur Birgir Halldórsson, verkefnastjóri Vetrahátíðar, Björg Jónsdóttir, Aðalheiður Santos Sveinsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir upplýsingafulltrúi. Anna Jóna starfsnemi í tómstunda- og félagsmálafræði frá Háskóla Íslands vann að hátíðinni.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun hátíðarinnar stóðst áætlun og skilaði 722.490 krónum í afgang og stendur í 4.597.510 krónum. Menningar og ferðamálasvið lagði fram (3.320.000 kr). Bakhjarl hátíðarinnar í ár var Orkusalan ehf. en Orkusalan lagði fram 2.000.000 kr. til hátíðarinnar. HljóðX var samstarfsaðili hátíðarinnar og lagði fram töluverða aukavinnu sem ekki var rukkað fyrir í tengslum við það samstarf. Strætó bs. tók á sig kostnað vegna Safnanæturstrætó.

Áherslur Vetrahátíðar 2018

Áframhaldandi samstarf við HljóðX gerði það að verkum að hægt var að lýsa upp fleiri byggingar á höfuðborgarsvæðinu en áður hefur verið gert. Samstarf sveitarfélaganna var dregið fram með enn skýrari hætti en áður og áhersla lögð á Vetrahátíð á öllu höfuðborgarsvæðinu. Samstarf Vetrahátíðar við ÍBR gaf góða raun en nokkrir útvistarviðburðir sem voru á Vetrahátíð voru unnir í samstarfi við ÍBR eins og til dæmis Norðurljósahlaupið.

Undirbúningur

Undirbúningur hátíðarinnar hófst formlega 2.nóvember 2017 með fyrsta stjórnarfundum hátíðarinnar og fundaði stjórnin fimm sinnum. Fyrsti samráðsfundur Safnanætur var 9.nóvember og urðu fundirnir fjórir með uppgjörsfundum. Samráðsfundur Sundlauganætur hófust 16.nóvember og urðu tveir. Starfsnemi aðstoðaði við skipulagningu hátíðarinnar, frá miðjum janúar og fram að hátíð.

Setning Vetrarhátíðar

Setningin fór fram með frumsýningu

Ljóslistaverksins *Örævi* fimmtudaginn 1.febrúar klukkan 19:45 við

Marshallhúsið. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri setti hátíðina. Verkið er eftir Valdimar Jóhannsson, Ernu Ómarsdóttur, Pierre Alain



Giraud og Íslenska dansflokkinn og var varpað á olútankana við Marshallhúsið. Í ÖRÆVI komu fram Aðalheiður Halldórsdóttir, Hannes Þór Egilsson, Þyri Huld Árnadóttir, Úlfur Óðinn Valdimarson, Kristín Geirsdóttir, Pierre-Alain Giraud, Valdimar Jóhannsson og Erna Ómarsdóttir. Tónlist við verkið var eftir hljómsveitina Sigur Rós.

LIST Í LJÓSI - Safnahúsið

Ljóslistverkinu Ekkó var varpað á Safnahúsið á Hverfisgötu í samstarfi við listahátíðina List í Ljósi frá Seyðisfirði. Fluttir voru inn listamenn frá Nýja Sjálandi undir nafninu Nocturnal. Ljósainnsetningin stóð yfir í 3 daga.



Lykilbyggingar í litum norðurljósanna

Í kjölfar setningarinnar við Marshallhúsið voru á þriðja tug bygginga á höfuðborgarsvæðinu upplýstar í grænum og fjólubláum litum, einkennislitum Vetrarhátíðar. Þá voru ljóslistaverk á nokkrum lykilbyggingum; Safnahúsinu, Hörpu, og Kópavogskirkju. Aðrar upplýstar byggingar voru m.a. Ráðhúsi Reykjavíkur, Perlan, Háskóli Íslands, Borgarleikhúsið, Stjórnarráðið, Þjóðminjasafnið, Listasafn Íslands, Þjóðleikhúsið, Höfði og Menntaskólinn í Reykjavík ofl. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu lýstu einnig upp fleiri byggingar. Aldrei hafa fleiri tekið þátt í þessu samspili ljóss og myrkurs á Vetrarhátíð.



Safnanótt

Safnanótt var haldin föstudaginn 4. febrúar frá kl. 18:00-23:00. Byrjað var að undirbúa Safnanótt að hausti 2017 og var fyrsti samráðsfundur með aðstandendum safnanna haldinn 9. nóvember. Alls voru haldnir þrjú samráðsfundir fyrir hátíð og einn uppgjörsfundur strax eftir hátíðina. Haldið var áfram með þá breytingu sem var gerð ári fyrir þegar opnunartími safnanna var færður til um klukkustund, eða frá 18-23. Í ár byrjaði fólk að mæta strax um sex leitið. Þátttökusöfnin voru 50 úr öllum sex sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson bauð heim til Bessastaða og þangað var stríður straumur gesta langt fram eftir kvöldi. Bessastaðir tóku einnig þátt í Safnanótt 2017 og voru það ánægð með árangurinn að þau vildu endilega vera með aftur. Gestir Safnanætur voru um 25.000 manns sem er sambærilegt við þátttökuna 2017. Áherslur og markmið Safnanætur er að söfnin laði til sín nýja gesti samhliða fastagestum. Eins og undanfarin ár var áhersla lögð á að gefa aldurshópnum 18-25 sérstakan gaum í skipulagi dagskrár því er það sá hópur sem lítið sést til á söfnunum. Tókst ágætlega að ná til yngra fólksins en fjölskyldufólk er samt fjölmennasti hópurinn á Safnanótt. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá sem endurspegladi mismunandi


markhópa. Meðal annars Háskaleika fyrir hugaða krakka þar sem reyndi á þor krakkana í einskonar hryllingshúsi í Borgarbókasafninu, Star Wars þema í Kópavogi, partý á Ljósmyndasafninu, stuðningsmannaklúbbi íslenska landsliðsins Tólfunni voru kennd undirstöðuatriði í rússneskri menningu og tungumáli, lifandi víkingar á Sögusafninu, ratleikir, listasýningar og ýmislegir viðburðir sem öllu jafna eru ekki hefðbundnir í starfsemi safnanna.

Safnanæturstrætó

Safnanæturstrætó gekk samkvæmt sama leiðakerfi og á síðasta ári en þrjár leiðir gengu á tuttugu mínútna fresti allt kvöldið milli allra sveitarfélaganna, með miðstöð Safnastrætó á Kjarvalsstöðum. Verkefnastjórar fengu tónlistaratriði til að skemmta farþegum og voru þau í fjórum vögnum. Þeir sem fram komu voru hljómsveitin Eva, óperusöngvarinn Jón Svavar Jósepson, Grínhljómsveitin Bergmál og djassleikararnir Ásgeir Ásgeirsson og Haukur Gröndal. Þótti þetta takast vel og voru gestir Safnanæturstrætó 845 samtals sem er fjölgun frá síðasta ári. Strætó tekur á sig þann kostnað sem fellur til vegna aksturs Safnanæturstrætó á Safnanótt.

Farþegafjöldi á milli ára

	2015	2016	2017	2018
Leið A - Miðbær	152	254	257	457
Leið B - Hafnarfjörður	31	31	73	321
Leið C - Mosfellsbær	26	48	173	67
Heildarfjöldi	226	333	503	845



Safnanæturleikurinn

Safnanæturleikurinn var á sínum stað. Gestir svöruðu þremur spurningum á þremur söfnum og fengu stimpil því til staðfestingar. Óskað var eftir verðlaunum frá þátttökusöfnum og voru fjölbreytt verðlaun í boði. Unnið var áfram eftir þeim breytingum sem áttu sér stað árið áður það er að hafa ekki spurningar í útgefnum bæklingi eins og áður hafði tíðkast heldur prentaði hvert safn út sína spurningu og kom fyrir á áberandi stað fyrir gesti og gangandi að sjá. Viðburðadeild útvegaði svarkassa í Vetrarhátíðarútlitinu og kynnti leikinn á Facebook Vetrarhátíðar og Reykjavíkurborgar. Í ár skiluðu 286 manns inn svaseðli og er það aukning frá fyrra ári er 230 manns skiluðu inn svaseðli.

Sundlauganótt

Sundlauganótt var haldin í áttunda sinn laugardaginn 3. febrúar. Opnunartími lauganna var frá kl. 18.00-22.00. Sú ákvörðun var tekin eftir samráð við fulltrúa sundlauganna en mikill kostnaður fylgdi lengri opnunartíma. Árið 2017 hófu nokkrar sundlaugar í Reykjavík að hafa lengri opnun dagsdaglega og tóku allar þær laugar allar þátt. Öll sex sveitarfélögin á Höfuðborgarsvæðinu tóku þátt með alls tíu sundlaugum. Þær sundlaugar sem tóku þátt í ár voru, Sundhöll Reykjavíkur, Breiðholtslaug, Vesturbæjarlaug, Klébergslaug og Laugardalslaug í Reykjavík, Lágafellslaug í Mosfellsbæ, Sundlaug Kópavogs, Seltjarnarlauslaug og Ásvallalaug í Hafnarfirði. Álftaneslaug í Garðabæ var búin að

staðfesta þátttöku en kom svo í ljós að búið var að bóka þorablót Garðabæjar þessa sama kvöld í íþróttamiðstöðinni sem laugin tengist. Fjölbreyttir viðburðir voru í boði eins og t.d. Kayak-kennsla, jóga í vatni, samflot, tónlistarflutningur, vatna zumba, plötusnúður og vatnaboltar. Aðsókn var mjög góð en um 5000 manns sóttu Sundlauganótt í ár.

Skipulagning var í höndum forstöðumanna sundlauganna líkt og gert er með aðra sérviðburði Vetrarhátíðar.



Íþróttir og útivist

Á laugardeginum 3. febrúar fór fram Norðurljósahlaup WOW í annað skipti en um er að ræða skemmtiskokk þar sem þátttakendur voru skreyttir upplýstum armböndum sem blikkuðu við hlaupatakt þátttakenda. Hlaupið hófst við Hörpu og var hlaupið um miðbæinn. Engin tímataka var í hlaupinu sem nú var haldið í fyrsta skipti og voru þátttakendur um 1000 manns.

Hjólasprettur (Brekkusprettur) var á föstudeginum 2. febrúar þar sem keppt var í hjólaspretti upp Skólavörðustíginn.

Snjófögnuður

Snjófögnuður var á dagskránni í fjórða sinn á Vetrarhátíð í samstarfi við Bláfjöll. Ekkert varð úr dagskrá því skíðasvæðið var ekki opið vegna veðurs. Þetta er í 3. skiptið af 4 sem að ekkert verður úr dagskrá. Það er spurning hvort þetta sé of viðkvæmur viðburður fyrir veðri til þess að vera hluti af hátíðinni.

Kynningar – og markaðsmál

Notast var við sama markaðsefni og í fyrra, en þá var útlit Vetrarhátíðar endurhannað. Búinn var til bæklingur og veggspjald sem var dreift í öll söfn og sundlaugar sem tóku þátt.

Viðburðahaldarar skráðu sína viðburði í Hvirfil sem svo birtust á vefsíðu Vetrarhátíðar. Mikil umferð var á heimasíðuna í aðdraganda og á meðan hátíðinni stóð og aukning frá því í fyrra. Heimsóknir árið 2016 voru 17.291 en árið 2017 fóru heimsóknir upp í 29.605 og árið 2018 fóru þær upp í 35.844. Að auki voru viðburðahaldarar hvattir til að búa til viðburði á Facebook og deila sem víðast og gekk það vel.

Gott samstarf var við sveitarfélögin sem sáu um að kynna sýna viðburði í sinni heimabyggð m.a. í bæjarblöðum og heimasíðum.

Samfélagsmiðlar voru notaðir óspart til að minna á Vetrarhátíð. Annars vegar var notast við Facebooksíðu Vetrarhátíðar og hins vegar Facebooksíðu Reykjavíkurborgar til að minna á hátíðina. Keypt voru „boost“ á færslur um Vetrarhátíð í aðdraganda hátíðar og birtar voru fréttir af viðburðum og farið var í lifandi sýningar frá viðburðum meðan á hátíðinni stóð.

Keyptar voru auglýsingar í mismunandi miðlum

- Samlesnar og leiknar auglýsingar á Rás 2 og Rás 1
- Leiknar auglýsingar á Bylgjunni
- Skjáauglýsingar á RÚV og Sjónvarpi Símans
- Vefborðar á völdum vefmiðlum.
- Helsti bakhjarl Vetrarhátíðar, Orkusalan, birti opnu auglýsingu í Fréttablaðinu á opnunardegi Vetrarhátíðar.

Við flutning viðburðateymis Höfuðborgarstofu yfir til Skrifstofu menningarmála var ákveðið að viðburðateymið gæti leitað til kynningarstjóra upplýsingateymis Ráðhússins. Sendi sá aðili út fréttatilkynningar og var í samskiptum við að fjölmiðla við að vekja athygli á hátíðinni.

Birtar voru forsíðumyndir frá hátíðinni þrisvar sinnum. Sýnt var beint frá opnunarviðburðinum í Kastljósi, og Stöð 2 og RÚV fjallaði um hátíðina og sýndi beint frá Safnanótt og RÚV sýndi beint frá Norðurljósahlaupinu við Hallgrímskirkju. Viðtöl voru tekin við verkefnastjóra hátíðarinnar í hádegisfréttum Bylgjunnar og RÚV og í útvarpsþáttum á Rás 2. Kópavogsbær keypti umfjöllun um sína dagskrá í Fréttablaðinu sem einnig hefur áhrif á Vetrarhátíð í hinum sveitarfélögunum. Almennt gengu kynningarmál vel.



Samantekt

Vetrarhátíð gekk vel þrátt fyrir að veðrið hafi sett smá strík í reikninginn. Opunarverkið var frumsýnt úti á Granda í miklum kulda og roki, en þrátt fyrir það létu fleiri sjá sig en vonir stóðu til miðað við veðurspá. Veðrið á föstudag leit ekki vel út framan af degi en svo rættist úr og þátttakan á Safnanótt var með ágætum.

Ánægja er með hve mikil aukning hefur verið í Safnanæturstrétó en aukningin var tæplega 70% á milli ára. Gott samstarf var með Strétó en útbúin voru sérstök

Safnanæturstrétóveggspjöld sem hengt voru upp í öllum vögnum í aðdraganda hátíðar og kynningar- og markaðsdeild Strétó var dugleg að minna á þjónustuna.

Safnanæturleikurinn gekk ágætlega. Mjög vegleg verðlaun voru í boði vel flest frá þátttökusöfnunum, en dregið var um 10 verðlaun úr um 300 gildum svarsedlum.

Sundlauganótt gekk vel. Almenn ánægja var með samvinnuna við hin sveitarfélögin og fær Vetrarhátíð aukna athygli út á þetta breiða samstarf.

Mikil ánægja var með að geta boðið upp á fleiri ljóslistaverk og verður samstarfið við List í ljósi vonandi endurtekið að ári. Gaman væri að auglýsa eftir tillögum að ljóslistaverkum og velja úr áhugaverðar hugmyndir þar sem við erum á þeim stað nú að tækjabúnaður til að setja upp ljóslistaverk er til staðar.

Til umhugsunar og þróunar

Sú umræða kom upp á uppgjörsfundi hvort það ætti að færa Safnanótt á laugardag og Sundlauganótt á föstudag. Rökin fyrir því voru þau að fjölskyldufólk er í miklum meirihluta gesta Safnanætur og föstudagskvöld eru oftast en ekki erfið fjölskyldufólki, allir þreyttir eftir vikuna. Svo er kannski meira kósí að enda vinnuvikuna í sundi. En þetta þarf að ræða vel. Einnig hefur komið upp sú hugmynd hvort eigi að stytta Vetrahátíð, úr fjórum dögum í tvo. Nú er fer opunarverk Vetrahátíðar fram á fimmtudegi og ekkert annað fer fram þann dag. Svo er spurning hvort halda eigi áfram með Snjófögnuðinn sem áætlaður er á sunnudeginum, en á sl 4 árum hefur viðburðinum verið aflýst vegna veðurs og svo hafa aðstandendur Bláfjalla efasemdir um hlutverk sitt og framlag á Vetrahátíð.

Mikilvægt er að tekjur hátíðarinnar þ.e. framlag Reykjavíkurborgar og bakhjarla liggi fyrir þegar vinna viðburðardeildar við hátíðina hefst í september.

Tryggja þarf að Safnastrætó verði áfram fastur kostnaðarliður hjá Strætó bs. enda þjónusti hann öll sveitarfélögin á Safnanótt. Bæta má í viðburði inn í Safnanæturstrætó og fá Strætó bs með í lið aftur.

Reykjavík, 23. febrúar 2018.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Vetrahátíðar í Reykjavík

Guðmundur Birgir Halldórsson

Björg Jónsdóttir

Aðalheiður Santos Sveinsdóttir